



Útgefandalýsing

Efnisyfirlit

1	ÁHÆTTUÞÆTTIR	- 1 -
1.1	REKSTRARÁHÆTTA	- 1 -
1.2	FJÁRFESTINGAÁHÆTTA	- 1 -
1.3	ÚTLÁNAÁHÆTTA	- 1 -
1.4	MARKAÐSÁHÆTTA	- 2 -
1.5	LAUSAFJÁR- OG FJÁRMÖGNUNARÁHÆTTA	- 3 -
1.6	SAMKEPPNISÁHÆTTA	- 3 -
1.7	STJÓRNUNAR- OG STARFSMANNAÁHÆTTA	- 3 -
1.8	LAGALEG ÁHÆTTA	- 3 -
1.9	UPPLÝSINGAÁHÆTTA	- 4 -
1.10	TRYGGINGAR OG ÁBYRGÐIR	- 4 -
2	ÁBYRGIR AÐILAR	- 5 -
3	LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR	- 5 -
4	UMSJÓNARAÐILI	- 6 -
5	UPPLÝSINGAR UM BYR SPARISJÓÐ	- 6 -
6	FJÁRFESTINGAR	- 8 -
7	SKIPULAG OG STARFSEMI	- 9 -
7.1	STARFSEMI	- 9 -
8	HORFUR OG FRAMTÍÐARSÝN	- 10 -
8.1	HORFUR	- 10 -
8.2	FRAMTÍÐARSÝN	- 10 -
8.2.1	<i>Grundvallarstefna</i>	- 10 -
8.2.2	<i>Markmið</i>	- 11 -
9	STJÓRNARHÆTTIR, STJÓRN OG STARFSMENN	- 11 -
9.1	STJÓRNARHÆTTIR	- 12 -
9.2	STJÓRN, SPARISJÓÐSSTJÓRAR OG ÆÐSTU STJÓRNENDUR	- 12 -
9.3	LYKILSTJÓRNENDUR	- 13 -
9.3.1	<i>Stjórn og helstu starfsmenn</i>	- 13 -
9.3.2	<i>Upplýsingar um stjórn og stjórnendur</i>	- 14 -
9.4	STARFSMENN	- 21 -
9.5	KAUPRÉTTARKERFI	- 22 -
10	STOFNFÉ OG STOFNFJÁREIGENDUR	- 22 -
10.1	ÚTGEFIÐ STOFNFÉ	- 22 -
10.2	HEIMILD TIL AUKNINGAR STOFNFJÁR	- 22 -
10.3	RÁÐSTÖFUN HAGNAÐAR OG RÉTTINDI TIL ARÐS.	- 22 -
10.4	STOFNFJÁREIGENDUR	- 23 -
10.5	ATKVÆÐISRÉTTUR	- 24 -
10.6	STOFNFJÁRSAMKOMULAG	- 24 -
10.7	FORGANGSRÉTTUR	- 24 -
10.8	VÍÐSKIPTI MEÐ STOFNFJÁRBRÉF	- 24 -
11	FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR	- 25 -
11.1	SÖGULEGAR FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR	- 25 -
11.2	ENDURSKOÐUN FJÁRHAGSUPPLÝSINGA	- 29 -
11.3	DÓMSMÁL OG GERÐADÓMSMÁL	- 29 -
11.4	MÍKILVÆGAR BREYTINGAR Á FJÁRHAGSSTÖÐU ÚTGEFANDA	- 29 -

12	SKJÖL TIL SÝNIS.....	- 29 -
	VIÐAUKI 1: SAMÞYKKTIR ÚTGEFANDA.....	- 30 -

1 Áhættuþættir

Starfsemi fjármálafyrirtækja felur almennt í sér talsvert meiri rekstraráhættu en gengur og gerist um félög sem ekki stunda fjármálastarfsemi. Hér að neðan eru taldir upp nokkrir áhættuþættir sem snerta BYR sparisjóð sérstaklega en fjárfestum er bent á að þessi upptalning er ekki tæmandi og eru fjárfestar hvattir til þess að leita til ráðgjafar ef eitthvað er óljóst í þessum efnum.

1.1 Rekstraráhætta

Rekstri fjármálafyrirtækja er settur rammi í lögum og reglugerðum. Fjármálafyrirtæki, þar með talið BYR sparisjóður, lúta eftirliti opinberra aðila, meðal annars Fjármálaeftirlits og Samkeppnisstofnunar. Rekstur fjármálafyrirtækis er áhættusamur að því leyti að oft er verið að eiga viðskipti með háar fjárhæðir sem geta, ef illa fer, bitnað harkalega á viðkomandi fjármálafyrirtæki með þeim hætti að þau geta tapað fjármunum, orðið skaðabótaskyld og/eða misst starfsleyfi. Ýmislegt getur orðið til þess að hafa áhrif á rekstur og rekstrarafkomu fjármálafyrirtækis, meðal annars röng ráðgjöf, röng ákvarðanataka, rangar greiningar, röng upplýsingagjöf, bilanir eða aðrir hnökrar á tæknibúnaði og uppsagnir lykilstarfsmanna.

BYR sparisjóður hefur keypt tryggingar í þeim tilgangi að takmarka almenna rekstraráhættu

1.2 Fjárfestingaáhætta

BYR sparisjóður hefur verið virkur aðili á innlendum skuldabréfa- og hlutabréfamörkuðum en hefur fjárfest lítillega á erlendum hlutabréfamörkuðum. Fjárfestingar í hlutum í hlutafélögum eða skuldabréfum fela ávallt í sér áhættu. Fjárfestingar í hlutum í hlutafélögum er að öllu jöfnu áhættusamari en fjárfesting í skuldabréfum þar sem verðsveiflur eru meiri á hlutabréfum en skuldabréfum. Þá verður að hafa í huga að hlutir eru afgangskrafa á eigið fé fyrirtækja sem þýðir að komi til gjaldþrotaskipta fyrirtækisins fá hluthafar það sem eftir stendur þegar öllum öðrum kröfum hefur verið mætt. Engin trygging er fyrir ávöxtun hlutanna í framtíðinni og hætta getur verið á að fjárfesting í einstökum félögum tapist alfarið. Afkoma BYR sparisjóðs er töluvert háð verðþróun á hlutabréfamörkuðum og öðrum fjármálamörkuðum eins og annarra fjármálafyrirtækja. Ávinningur af fjárfestingu í stofnfjárbrefum BYR sparisjóðs er því mjög háður sveiflum og verðþróun á fjármálamörkuðum.

1.3 Útlánaáhætta

Þar sem meginstarfsemi BYR sparisjóðs undanfarin ár hefur falist í móttöku innlána og veitingu útlána er útlánaáhætta einn stærsti einstaki áhættuþátturinn í rekstri hans. Til þess að lágmarka þessa áhættu kannar BYR sparisjóður greiðslugetu og tryggingar

lántakenda reglulega. Er þetta gert í samræmi við starfsreglur sem BYR sparisjóður hefur sett sér. Þetta tryggir ekki endurgreiðslu fjármuna og því gerist það að einhverjir viðskiptamenn standa ekki við skuldbindingar sínar og greiða ekki á réttum tíma og í sumum tilvikum greiða þeir alls ekki og tapar BYR sparisjóður þá kröfu sinni á hendur þessum aðila, að hluta eða öllu leyti.

Eins og áður greinir er fjárhagsleg staða hvers viðskiptavinar skoðuð og tryggingar hans lagðar til grundvallar viðskiptum. Sérstaklega er fylgst með skuldbindingum stærstu lánþega BYR sparisjóðs og er þá mið tekið af stórum áhættuskuldbindingum eins og þær eru skilgreindar í reglugerð nr. 531/2003 um stórar áhættuskuldbindingar.

Stjórn BYR sparisjóðs setur almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir og ákveður lánastefnu BYR sparisjóðs. Stjórnin hefur einnig eftirlit með lánamálum og ákveður útlánaheimildir að tillögu sparisjóðsstjóra.

1.4 Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er einn af helstu áhættuþáttum í rekstri fjármálafyrirtækis, en markaðsáhætta er sú áhætta sem skapast vegna óvissu í flæði framtíðartekna eða gjalda sem afleiðing af verðbreytingum, gengisbreytingum eða vaxtabreytingum á markaði.

Vaxtaáhætta er sú áhætta sem fylgir breytingum á tekjum ef vextir undirliggjandi fjármálaafurða breytast á ákveðnu tímabili. Vextir á hverjum tíma hafa umtalsverð áhrif á afkomu BYR sparisjóðs þar sem tekjur af eignum og gjöld af skuldum eru í flestum tilvikum tengt vöxtum viðkomandi efnahagsliða og fylgja vextirnir gjarnan almennu vaxtastigi. Vaxtamunur getur á sama hátt orðið til þess að afkoma BYR sparisjóðs getur sveiflast nokkuð meðal annars ef ójafnvægi er á milli vaxtaberandi eigna og skulda. Vaxtahækkunar og lækkunar geta á sama hátt myndað ójafnvægi og áhættu. Til að takmarka vaxtaáhættu er leitast við að hafa sem best jafnvægi á milli fastra og breytilegra vaxtakjara í eigna- og skuldasafni BYR sparisjóðs. Stefnt er að því að ná sem bestu jafnvægi milli binditíma vaxtaberandi eigna og skulda. Við mat á vaxtaáhættu skal bæði skoða langtíma- og skammtímavaxtanæmi BYR sparisjóðs gagnvart vaxtabreytingum. Verðtryggingaráhætta er hluti af vaxtaáhættu en misræmi milli verðtryggðra eigna og skulda eykur áhættu BYR sparisjóðs vegna verðlagsbreytinga.

Gjaldeyrissáhætta er sú áhætta sem til staðar er vegna mögulegra sveiflna á gengi gjaldmiðla. BYR sparisjóður á viðskipti við erlenda aðila auk þess að eiga viðskipti við innlenda aðila þar sem viðskiptin eru í erlendri mynt. Vegna þessa er BYR sparisjóður háður gengisskráningu íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum og hefur gengi krónunnar því bein áhrif á rekstur BYR sparisjóðs og einnig á afkomuna ef ekki er jafnvægi milli gengisbundinna eigna og skulda. Seðlabanki Íslands setur reglur um gjaldeyrissjöfnuð lánastofnana og er gjaldeyrissjöfnuður BYR sparisjóðs á hverjum tíma innan þessara marka.

Verðáhætta verðbréfa tengist gengi skráðra verðbréfa á skipulegum verðbréfamarkaði. Hlutabréfaverð er sveiflukennt og helstu áhrifaþættir hlutabréfaverðs eru í raun framboð og eftirspurn á hverjum tíma. Þeir þættir breytast í takt við aðstæður í hagkerfinu ásamt því að fylgja breytingum á vaxtastigi hverju sinni. Ein leið til að minnka áhættu í hlutabréfasafni er að dreifa áhættunni með því að fjárfesta í mismunandi tegundum verðbréfa til að minnka sveiflur eignasafnsins. BYR sparisjóður stýrir áhættu af hlutabréfasafni sínu með vönduðu samvali og stöðugri vöktun á safninu. Áhættustýring vegna skuldabréfa er með hliðstæðum hætti og áhættustýring vegna hlutabréfa, þ.e. með réttu samvali bréfi og stöðugri vöktun.

1.5 Lausafjár- og fjármögnunaráhætta

Tryggja þarf að BYR sparisjóður eigi ávallt nægilegt laust fé til þess að mæta jafnt fyrirséðum sem ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum. Til að mæta slíkum greiðsluskuldbindingum hefur BYR sparisjóður lánalínur ásamt því að eiga auðseljanleg verðbréf eins og ríkisskuldabréf og önnur skuldabréf.

Eiginfjárlutfall BYR sparisjóðs hefur áhrif á möguleika hans til fjármögnunar. Ef eiginfjárlutfall lækkar getur það haft neikvæð áhrif á fjármögnunarmöguleika sparisjóðsins. Eiginfjárlutfall BYR sparisjóðs er reiknað samkvæmt 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Þann 31. desember 2006 var eiginfjárlutfall BYR sparisjóðs 14,3%. Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

1.6 Samkeppnisáhætta

Samkeppni hefur aukist talsvert á fjármálamarkaði síðustu ár og útlit er fyrir að samkeppni eigi enn eftir að aukast mikið með tilkomu nýrra fjárfestingabanka og fjárfestingasjóða. Í dag eru helstu keppinautar BYR sparisjóðs stóru viðskiptabankarnir þeir Kaupþing banki hf., Glitnir hf., Landsbanki Íslands hf. og aðrir sparisjóðir.

1.7 Stjórnunar- og starfsmannaáhætta

Starfsemi BYR sparisjóðs og árangur í rekstri hans byggir að stórum hluta á þekkingu starfsmanna hans og stjórnenda og er því veruleg áhætta fólgin í því ef lykilstarfsmenn hverfa úr starfi til annarra fyrirtækja.

Til að draga úr starfsmannaáhættu viðheldur BYR sparisjóður starfsmannastefnu sem er sniðin að því að halda ávallt hæfasta fólki í starfi.

1.8 Lagaleg áhætta

Fjármálamarkaðurinn er háður lögum og reglum opinberra aðila auk þess sem hafa verður í huga að ýmsar sérreglur gilda um starfsemi sparisjóða. Allar breytingar á lögum og reglum á fjármálamarkaði geta þannig haft áhrif á rekstur BYR sparisjóðs. BYR sparisjóður hefur starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki í skilningi laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Nýjar lagasetningar og túlkanir framkvæmda og eftirlitsaðila á gildandi lögum og reglum sem í gildi eru um fjármálastarfsemi kunna að hafa áhrif á rekstur BYR sparisjóðs. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með fjármálafyrirtækjum á markaðnum og leiðbeinandi tilmæli, ákvarðanir og túlkanir stofnunarinnar geta haft áhrif á rekstur BYR sparisjóðs.

1.9 Upplýsingaáhætta

Traustur rekstur fjármálafyrirtækis byggir mjög á góðum upplýsingakerfum. Áhætta í rekstri þeirra getur falist í röngum og/eða ófullnægjandi upplýsingum í kerfum, rangri notkun þeirra, aðgangsheimildum og öryggismálum. Dregið er úr upplýsingaáhættu með skipulögðum kerfisprófunum og óháðum afritstökum auk þess sem starfrækt er varakerfi. Starfsemi BYR sparisjóðs er talsvert háð upplýsingakerfum þriðja aðila, einkum Tölvumiðstöð sparisjóðanna, og Reiknistofu bankanna. Komi til þess að kerfin bili, eitt eða fleiri, getur slíkt leitt til verulegs tjóns fyrir BYR sparisjóð.

1.10 Tryggingar og ábyrgðir

Mikilvægt er að BYR sparisjóður sé eins vel tryggður gegn mögulegum áföllum og hægt er og er því nauðsynlegt að huga vel að vátryggingum og vátryggingaskilmálum. BYR sparisjóður er með eftirfarandi tryggingar:

Atvinnurekstrartrygging en undir hana falla ökutækjatrýgging, slysatrygging launþega, húseigendatrýgging, brunatrýgging, vatns og innbrotspjófnáðartrygging fyrir lausafé og húseignir, og skaðatrýgging á lausafé

Þá eru sparisjóðirnir í landinu með sameiginlegar tryggingar í eftirfarandi tilvikum: “Bankers Comprehensive Crime and Professional Indemnity” sem nær til misferla starfsmanna, tjóns vegna sviksamlegs athæfis starfsmanna varðandi tölvuvinnslu og ábyrgð vegna skaðabóta sem sparisjóðurinn þarf að greiða vegna þess að það rækti ekki skyldur sem það hafði tekið á sig gagnvart viðskiptaaðila sínum.

“Directors and Officers Liability” sem nær yfir skaðabætur sem yfirmönnum sparisjóðsins er gert að greiða vegna vanrækslu stjórnar á eftirlitsskyldum sínum.

2 Ábyrgir aðilar

Stjórnarformaður og sparisjóðsstjórar, fyrir hönd útgefanda, nafngreindir hér að neðan, lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem útgefandalýsingin hefur að geyma í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.


Reykjavík, 29. júní 2007
f.h. stjórnar BYR sparisjóðs Borgartúni 18, Reykjavík.



Jón Þorsteinn Jónsson
Stjórnarformaður



Ragnar Zophonías Guðjónsson
Sparisjóðsstjóri



Magnús Ægir Magnússon
Sparisjóðsstjóri

3 Löggiltir endurskoðendur

Löggiltir endurskoðendur BYR sparisjóðs á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til í lýsingunni eru PricewaterhouseCoopers hf., Skógarhlíð 12, Reykjavík, 105 Reykjavík og fyrir þeirra hönd Þórir Ólafsson lögg. endurskoðandi, Hálsaseli 33, Reykjavík, félagi í Félagi löggiltra endurskoðenda, endurskoðaði reikninga Sparisjóðs vélstjóra árin 2001-2005 og fyrir BYR sparisjóð reikningsárið 2006.

KPMG Endurskoðun hf., Borgartúni 27, Reykjavík, og fyrir þeirra hönd Sigurður Jónsson lögg. endurskoðandi, Þrúðvangi 6, Hafnarfirði, félagi í Félagi löggiltra endurskoðenda, endurskoðaði reikninga Sparisjóðs Hafnarfjarðar árin 2001-2005.

Löggiltir endurskoðendur BYR sparisjóðs hafa ekki sagt starfi sínu lausu eða verið leystir frá störfum á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til.

4 Umsjónaraðili

Umsjónaraðili útgáfunnar er BYR sparisjóður, kt. 610269-2229, Borgartúni 18, Reykjavík.

5 Upplýsingar um BYR sparisjóð

Samrunaáætlun Sparisjóðs Hafnarfjarðar og Sparisjóðs vélstjóra var undirrituð af stjórnnum beggja sjóðanna þann 2. júní 2006 og staðfest á fundi stofnfjareigenda í báðum sjóðum þann 1. desember 2006. Samruninn miðast við 1. janúar 2006.

Frá og með 3. mars 2007 hefur sparisjóðurinn starfað undir nýju heiti, BYR sparisjóður. Notkun eldra heitis, Sparisjóður vélstjóra, og skammstöfun á því heiti, SPV, var á sama tíma alfarið hætt. Sparisjóðurinn starfar í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og samþykktir sparisjóðsins frá aðalfundi 13. mars 2007.

Lög og viðskiptaheiti:	BYR sparisjóður
Kennitala:	610269-2229
Lögheimili og höfuðstöðvar:	Borgartún 18, 105 Reykjavík, Ísland
Sími:	+354 575 4000
Rekstrarform:	Sparisjóður
Skráningarstaður:	Ísland
Löggjöf sem útgefandi starfar eftir:	Lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002
Stofndagur:	11. nóvember 1961
Vefsvæði:	www.byr.is
Tölvupóstur	byr@byr.is

Stofnun Sparisjóðs vélstjóra átti sér langan aðdraganda. Það var á kreppuárunum sem stofnun hans kom einkum til umræðu, en fyrst var talað um að stofna sparisjóð árið 1936. Ekkert varð þó úr stofnun hans á þeim tíma en árið 1957 var aftur vakið máls á þessu og bar þá Hafliði Hafliðason upp tillögu á stjórnarfundum í Vélstjórafélagi Íslands þess efnis að stjórnin beitti sér fyrir stofnun sparisjóðs. Árið 1958 var svo samþykkt að fá lögfræðing til að semja reglugerð fyrir sparisjóð og var hún síðan send viðskiptaráðuneytinu þar sem leyfi var veitt fyrir starfrækslu peningastofnunar.

Sparisjóður vélstjóra hóf svo starfsemi sína þann 11. nóvember 1961 að Bárugötu 11 og var opnaður kl. 11 árdegis. Í afgreiðslustofu sparisjóðsins störfuðu í upphafi Hallgrímur G. Jónsson, Jónína Loftsdóttir og Tómas Guðjónsson féhirðir. Sparisjóður vélstjóra var opinn í fyrstu frá klukkan 16-18 virka daga.

Á upphafsárum sparisjóðsins gegndi Tómas Guðjónsson forstöðu hans, en árið 1964 lét hann af störfum og Kristján Steinsson tók við og fékk titilinn sparisjóðsstjóri. Ári seinna eða 1965 tók svo Hallgrímur G. Jónsson við starfi sparisjóðsstjóra og gegndi því starfi til 30. júní 2004. Þann 1. júlí sama ár tók Ragnar Z. Guðjónsson við starfi sparisjóðsstjóra. Eftir samruna við Sparisjóð Hafnarfjarðar 1. desember 2006 urðu sparisjóðsstjórnarnir tveir, Ragnar Z. Guðjónsson og Magnús Ægir Magnússon.

Vegna þess hve Sparisjóður vélstjóra óx hratt varð húsnæðið að Bárugötu 11 fljótt of lítið og árið 1971 flutti hann í Hátún 4a sem var 186 m² húsnæði innréttað sérstaklega fyrir sparisjóðinn. Þann 4. nóvember 1977 flutti svo sparisjóðurinn í eigið húsnæði að Borgartúni 18 þar sem höfuðstöðvar hans eru í dag.

Árið 1986 opnaði Sparisjóður vélstjóra útibú að Síðumúla 1 og árið 1991 var afgreiðsla opnuð að Rofabæ 39. Í apríl 2002 var afgreiðslan flutt og opnað nýtt útibú í Hraunbæ 119 og í desember sama ár var opnuð ný afgreiðsla í Orkuveituhúsinu við Bæjarháls 1.

Frá upphafi hefur sparisjóðurinn verið rekinn í formi sjálfseignarstofnunar og eru stofnfjäreigendur hans einstaklingar og lögaðilar sem kjósa á aðalfundi fimm menn í stjórn.

Sparisjóður Hafnarfjarðar (SPH) var stofnaður 22. desember 1902 en rætur hans ná aftur til 1875 þar sem hann yfirtók eignir og skuldbindingar Sparisjóðs Álftaneshrepps. Stjórnendur SPH mörkuðu þegar þá stefnu sem fylgt hefur verið æ síðan; að stuðla að vexti og viðgangi Hafnarfjarðar með útlánum til einstaklinga og fyrirtækja og styrkjum til íþróttá- og menningarmála.

Fyrstu árin var starfsemin rekin frá heimilum og vinnustöðum forstöðumanna hans eða allt til 1929. Það ár var starfsemin flutt í leiguhúsnæði í nýbyggðu húsi að Austurgötu 37. Aukin umsvif leiddu síðan til þess að 3. október 1932 var starfsemin flutt í stærra húsnæði að Strandgötu 4. Núverandi húsnæði BYR sparisjóðs að Strandgötu 8-10 var reist í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ sem síðar seldi sjóðnum hlut sinn í jarðhæð hússins. Starfsemi sjóðsins var flutt í þetta nýja húsnæði 19. desember 1964.

Í kjölfar þess að fjölmenn íbúðahverfi höfðu risið í Norðurbænum sem svo er kallaður og verslunar- og iðnaðarhverfi opnaði sparisjóðurinn sitt fyrsta útibú á Reykjavíkurvegi 66, 26. janúar 1979. Þetta var annað útibú sem sparisjóður opnaði hér á landi. Kona var ráðin sem útíbússtjóri og varð fyrst kvenna til að gegna slíkri stöðu hér á landi.

Starfsemi Sparisjóðs Hafnarfjarðar var ekki einskorðuð við Hafnarfjörð því í janúar 1992 var opnað útibú á Garðatorgi í Garðabæ og árið 1999 afgreiðsla í Stóra turni Kringlunnar í Reykjavík þar sem hluti af fyrirtækjasviði var með starfsemi ásamt eignastýringu og verðbréfamiðlun. S24 sem var stofnað haustið 1999 var einnig með starfsstöð í Kringlunni fyrstu árin. S24 leggur áherslu á að veita viðskiptavinum sínum hagstæð kjör, faglega, örugga og góða bankapjónustu í gegnum netið og síma. Markaðssvæði S24 nær yfir allt landið.

Starfsemi hins sameinaða sparisjóðs tekur til þeirrar starfsemi sem greind er í 20. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki en starfsemin skal að lágmarki ná til þess að taka á móti innlánnum frá almenningi og veita lán sem fjármögnuð eru með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi sem og annarri þjónustustarfsemi sem er í eðlilegum tengslum við hana, sbr. 21. gr. laganna.

6 Fjárfestingar

Í árslok 2006 átti BYR sparisjóður fimm dótturfélög og eru þau hluti af samstæðu sparisjóðsins en dótturfélögin eru Bréfabær ehf., SPV-Fjárfesting hf., Fjárvari ehf., Sparibréf ehf. og Hringur-eignarhaldsfélag ehf.

BYR sparisjóður hefur auk þess tekið þátt í samstarfi sparisjóðanna og er meðal annars stærsti hluthafinn í Icebank hf. með 28,7% eignarhlutdeild eftir samrunann en bankinn er í eigu allra sparisjóða landsins. Þá er sparisjóðurinn aðili að rekstri Teris og Reiknistofu bankanna. Sparisjóðurinn á jafnframt hlut í SP-Fjármögnun hf., Greiðslumiðlun hf., Verðbréfabjónustu sparisjóðsins hf., Kreditkortum hf., Fjárfestingafélagi Sparisjóðanna hf., MP-Fjárfestingabanka hf., Vostok Holdings ehf., Intrum á Íslandi hf., Lánstrausti hf., Sparisjóðnum í Keflavík, Sparisjóði Kópavogs, Sparisjóði Vestfirðinga og Sparisjóði Bolungarvíkur.

BYR sparisjóður hefur í fjárfestingum sínum lagt áherslu á að þær falli vel að stefnu sjóðsins og styðji við vöxt hans til framtíðar.


Meðfylgjandi er yfirlit yfir stöðu fjárfestingar BYR sparisjóðs m.v. 31.12.2006.

BYR sparisjóður (í þús. kr.)	Eign 31.12.06	Eignarhl. 31.12.06
Hlutdeildarfélög:		
Icebank hf.	3.519.823	28,69%
SP-Fjármögnun hf.	1.612.383	31,87%
Kreditkort hf.	227.392	15,20%
MP Fjárfestingarbanki hf.	788.967	14,00%
Verðbréfabjónusta sparisjóðanna ehf.	69.379	38,75%
Reiknistofa bankanna	80.194	4,56%
Teris	58.212	23,16%
Fjárfestingarfélag sparisjóðanna hf.	590.055	20,13%
Vostok holdings ehf.	162.180	17,50%
Eignarhaldsfélagið ehf.	309.989	25,00%

Fyrirhugað er að leita að nýju húsnæði fyrir höfuðstöðvar sameinaðs sparisjóðs. Þá stendur til að endurnýja þjónustusal afgreiðslu sparisjóðsins í Strandgötu í Hafnarfirði og að flytja afgreiðslu sparisjóðsins í Garðabæ í nýtt húsnæði.

7 Skipulag og starfsemi

Skipurit sparisjóðsins er hefðbundið. Í því eru fjögur afkomusvið og fjögur stoðsvið. Að auki er í skipuritinu dótturfélagið Allianz. Sparisjóðnum er stjórnað af tveimur sparisjóðsstjórum með afmörkuðu verk- og ábyrgðarsviði. Afkomusviðin eru bankþjónusta, sem eru hin hefðbundna viðskiptabankþjónusta útibúa, S24 sem er sjálfstæð eining innan hins sameinaða sparisjóðs sem er eingöngu starfrækt á netinu, markaðsviðskiptasvið sem sér um markaðsviðskipti fyrir eigin reikning í sameinuðum sparisjóði, fyrirtækjasvið sem sér um útvegum lánsfjár til fyrirtækja og fyrirtækjaráðgjöf sem sér um ráðgjöf kaupa, sölu og sameiningar fyrirtækja. Stoðsviðin eru fjármálasvið sem sér um fjárstýringu, reikningshald, áætlanagerð, greiningu og húsnæðis og upplýsingatæknimál, viðskiptaprún- og markaðsvið sem sér um ytri og innri markaðsmál og innri þjónustu við afkomusvið. Til viðbótar eru stoðsviðin áhættustýring og útlánaeftirlit og mannauður.



7.1 Starfsemi

BYR sparisjóður er öflugt fyrirtæki á íslenskum fjármálamarkaði, fjármálastofnun þar sem hagsmunir viðskiptavinarins eru ávallt í fyrirrúmi. Sparisjóðurinn veitir alhliða fjármálaþjónustu, hvort sem er fyrir einstaklinga eða fyrirtæki, þjónustu sem leitast er við að sniða að mismunandi aðstæðum og þörfum viðskiptavina.

Grundvallarþættir í starfsemi BYR sparisjóðs eru hagsmunir viðskiptavinarins, sveigjanleiki og öryggi. Þannig eru í boði á hverjum tíma mismunandi innlánsform sem gefa ávöxtun eins og hún getur orðið best á hverjum tíma og þá býður Sparisjóðurinn fjölbreytileg útlánaform.

BYR sparisjóður hefur ævinlega verið í fararbroddi íslenskra fjármálastofnana í að tileinka sér kosti nútímatækni og tölvuvæðingar. En samhliða tæknibreytingum hefur sparisjóðurinn lagt áherslu á að efla persónulega þjónustu og opna viðskiptavinum greiðar leiðir að starfsfólki sem ávallt er boðið og búið að veita þeim aðstoð og ráðgjöf.

Meðfylgjandi tafla sýnir dótturfélög BYR sparisjóðs þann 31. desember 2006. Meðferð atkvæðisréttar er í samræmi við eignarhluta sparisjóðsins í hverju félagi.

Eignarhlutur í félögum (dótturfélög)	
Bréfabær	100%
SPV fjárfesting hf.	90,95%
Fjárvari ehf.	100%
Sparibréf ehf.	100%
Hringur eignarhaldsfélag ehf.	80,70%

8 Horfur og framtíðarsýn

8.1 Horfur

Rekstur Sparisjóðs vélstjóra og Sparisjóðs Hafnarfjarðar hefur gengið mjög vel síðustu ár. BYR sparisjóður mun halda áfram á sömu braut og stefnir á góða afkomu fyrir árið 2007. Á næsta misseri eru framundan samþættingaraðgerðir til að ná fram hagræðingu í rekstri hins nýja sameinaða sparisjóðs til að styrkja stöðir sparisjóðsins. BYR sparisjóður mun leitast við að styrkja samkeppnisstöðu sína og ná fram aukinni markaðshlutdeild á starfssvæði sínu.

Stjórnir BYRS sparisjóðs og Sparisjóðs Kópavogs hafa skrifað undir áætlun um samruna sjóðanna og miðast samruninn við 1. janúar 2007. Gert er ráð fyrir að hlutur stofnfjáreigenda í BYR verið 87% í sameinuðum sjóði og hlutur stofnfjáreigenda í Sparisjóði Kópavogs verður 13%. Með sameiningunni aukast möguleikar til framþróunar og vaxtar og hefur sameinaður sparisjóður mun sterkari stöðu til sóknar en hvor sjóður fyrir sig hafði áður. Heildareignir sameinaðs sjóðs verða um 130 milljarðar króna.

Ekki hafa orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum BYR sparisjóðs síðan síðustu endurskoðuðu reikningsskil sparisjóðsins voru birt.

8.2 Framtíðarsýn

8.2.1 Grundvallarstefna

BYR sparisjóður er fjármálafyrirtæki sem hefur það að markmiði að veita viðskiptavinum sínum bestu alhliða þjónustu á sviði fjármála á hverjum tíma. Sparisjóðurinn veitir einstaklingum persónulega þjónustu og trausta ráðgjöf og styrkir með því ímynd sína sem fjölskylduvænt fyrirtæki. Sparisjóðurinn leitast jafnframt við að bjóða fyrirtækjum heildarlausnir á sviði fjármála. Sparisjóðurinn stefnir ávallt að hagkvæmum rekstri þannig að arðsemi eiginfjár sé góð.

BYR sparisjóður er leiðandi fjármálafyrirtæki fyrir einstaklinga, minni og meðalstór fyrirtæki. Sparisjóðurinn myndar heilbrigt langtíma viðskiptasamband við viðskiptavinum með það að markmiði að auka lífsgæði viðskiptavina og samfélagsins í víðum skilningi. Framtíðarsýn Sparisjóðs vélstjóra er að vera eftirsótt fyrirtæki sem vinnustaður og samstarfsaðili meðal einstaklinga og fyrirtækja.

BYR sparisjóður veitir alla almenna bankþjónustu. Þjónusta sparisjóðsins nær yfir móttöku innlána, veitingu útlána, greiðsluþjónustu, gjaldeyrisþjónustu og útgáfu greiðslukorta svo fátt eitt sé nefnt. Sparisjóðurinn býður einnig upp á ýmsar fjárfestingarleiðir með verðbréfaþjónustu og miðlun. Að auki standa viðskiptavinum sjóðsins til boða persónutryggingar og lífeyrissparnaður í gegnum dótturfélög sparisjóðsins.

BYR sparisjóður leggur áherslu á að koma til móts við þarfir allra aldurshópa og þá sérstaklega þarfir þeirra einstaklinga sem eru á vinnumarkaði eða eru nýkomnir inn á vinnumarkaðinn. Á fyrirtækjamarkaði mun SPV beita sér fyrir aukinni þjónustu gagnvart litlum og meðalstórum fyrirtækjum, með áherslu á fyrirtæki í verslun og þjónustu, iðnaði og byggingargreinum, ásamt því að þjónusta smærri aðila í útrás. Sparisjóðurinn stefnir einnig á að veita lífeyrissjóðum ýmis konar fjármálaþjónustu í auknum mæli. Jafnframt ætlar sparisjóðurinn að auka þóknunarkjör sínar með því að bjóða fyrirtækjum upp á aðstoð í tengslum við samruna og yfirtökur og útgáfu skuldabréfa- og hlutabréfa.

8.2.2 Markmið

Stefnt er að því að á árinu 2010 verði BYR sparisjóður orðinn stærsti sparisjóðurinn á höfuðborgarsvæðinu. Starfsemi sjóðsins mun fara fram á Íslandi, Norðurlöndunum og meginlandi Evrópu og lögð verður áhersla á að ná til einstaklinga, fagfjárfesta og lítilla og meðalstórra fyrirtækja með nýjum vörum og þjónustuleiðum.

Meginmarkmið:

- Aðalsmerki BYR sparisjóðs verði framúrskarandi þjónusta til einstaklinga, minni og millistórra fyrirtækja.
- Að rekstur BYR sparisjóðs verði skilvirkur og hagkvæmur
- Að BYR sparisjóður nýti sér samstarf við önnur fjármálafyrirtæki til að bjóða bestu þjónustu og vaxa.
- BYR sparisjóður verður leiðandi fyrirtæki á sínu sviði á Íslandi og góður fjárfestingarkostur.
- Þjónusta BYR sparisjóðs verður til fyrirmyndar.
- Starfsemi BYR sparisjóðs verður skilvirk, hröð og hagkvæm.
- Það er gott að vinna hjá BYR sparisjóði.

9 Stjórnarhættir, stjórn og starfsmenn

Með stjórn BYR sparisjóðs fara stofnfjáreigendafundur, stjórn sparisjóðsins, framkvæmdastjórnar og sparisjóðsstjórnar. Árlegur fundur stofnfjáreigenda er æðsta vald í

málefnum sparisjóðsins. Stofnfjáreigendafundur er haldinn árlega fyrir lok maí ár hvert. Fundurinn kys sér fimm manna stjórn sem kys sér formann, varaformann og ritara. Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum sparisjóðsins á milli stofnfjáreigendafunda og setur sjóðnum markmið í rekstri hans með hagsmuni sjóðsins og stofnfjáreigenda að leiðarljósi í samræmi við tilgang sjóðsins.

9.1 Stjórnarhættir

Stjórn Sparisjóðsins fylgir samþykktum sjóðsins í starfsháttum sínum. Núgildandi samþykktir sjóðsins eru frá 13. mars 2007. Í viðauka við útgefandalýsingu þessa má finna samþykktir sjóðsins. Stjórn félagsins hefur sett sér starfsreglur stjórnar þar sem sérstaklega er fjallað um heimildir stjórnar til að taka ákvarðanir um einstök viðskipti, framkvæmd reglna um sérstakt hæfi stjórnarmanna, meðferð stjórnar á upplýsingum um einstaka viðskiptamenn, setu stjórnarmanna í stjórnnum dótturfyrirtækja og hlutdeildarfyrirtækja og framkvæmd reglna um meðferð viðskiptaerinda stjórnarmanna, sbr. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002.

9.2 Stjórn, sparisjóðsstjóra og æðstu stjórnendur

Á aðalfundi sparisjóðsins 13. mars 2007 var stjórn sparisjóðsins sem kjörin var á stofnfjáreigendafundi sem haldinn var 1. desember 2006 endurkjörin sem stjórn BYR sparisjóðs til næsta aðalfundar. Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir kjörna fulltrúa, beina og óbeina stofnfjáreign þeirra og aðrar upplýsingar um stjórnarmenn.

Stjórn BYR sparisjóðs	Hlutverk í stjórn	Fulltrúi fyrir:	Stofnfjáreign 1/6 2007	Stofnfjáreign tengdra aðila 1/6 2007
Jón Þorsteinn Jónsson	Stjórnarformaður	Saxhóll ehf.	750.170	7.903.714
Egill Ágústsson	Varaformaður	Myllan hf.	0	2.253.323
Matthías Páll Imsland	Ritari	Fons Eignarhaldsfélags hl	0	2.203.323
Magnús Ármann	Meðstjórnandi	Imon ehf	0	12.593.331
Stýrmir Þór Bragason	Meðstjórnandi	MP Fjárfestingarbanki	0	6.094.178

Engar lánveitingar voru til stjórnarmanna og sparisjóðsstjóra BYR sparisjóðs í lok ársins 2006.

Engir augljósir hagsmunaárekstrar eru milli þeirra fyrirtækja sem eru stofnfjáreigendur og eiga mann í stjórn.

Ekki er um tengsl að aðila ræða með eignarhlut yfir 5%, annað en það sem til greint er vegna stjórnarmanna.

Neðangreind tafla sýnir upplýsingar um þóknun stjórnar, sparisjóðsstjóra, framkvæmdastjóra og endurskoðenda innan sparisjóðsins fyrir störf í þágu hans á árinu 2006.

BYR sparisjóður	Þóknanir 2006
Sparisjóðsstjórar	46.011.000
Stjórn	19.070.000
Framkvæmdastjórn	58.301.490
Endurskoðendur	6.600.000

9.3 Lykilstjórnendur

Á stofnfjáreigendafundum beggja sjóðanna, sem haldnir voru 1. desember 2006, var samrunaáætlun Sparisjóðs vélstjóra og Sparisjóðs Hafnarfjarðar samþykkt og nýtt skipurit fyrir BYR sparisjóð kynnt.

9.3.1 Stjórn og helstu starfsmenn

Stjórn:

Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður
 Egill Ágústsson, varaformaður
 Matthías Páll Imsland, ritari
 Magnús Ármann, meðstjórnandi
 Styrmir Þór Bragason, meðstjórnandi

Sparisjóðsstjórar:

Ragnar Zophonías Guðjónsson
 Magnús Ægir Magnússon

Framkvæmdastjórar:

Hrönn Pétursdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs
 Atli Örn Jónsson, framkvæmdastjóri bankaþjónustu
 Magnús Pálsson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar og markaðsmála
 Sighvatur Sigfússon, framkvæmdastjóri fjármálasviðs
 Sigurjón Arnarsson, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta
 Sæmundur Benediktsson, framkvæmdastjóri S24

Innri endurskoðun:

Mjöll Flosadóttir

Áhættustýring og útlánaeftirlit:

Gunnar Árnason

Mannauðsstjórn:

Herdís Pála Pálsdóttir

Endurskoðandi:

Sigurður Jónsson, löggiltur endurskoðandi, KPMG endurskoðun hf.

Framkvæmdastjórnar dótturfélaga:

Ingvaldur Ágústsson, framkvæmdastjóri Hrings eignarhaldsfélags ehf.

Magnús Ægir Magnússon, framkvæmdastjóri Sparibréfa ehf.

Ragnar Z. Guðjónsson, framkvæmdastjóri Bréfabæjar ehf.

Sighvatur Sigfússon, framkvæmdastjóri SPV-Fjárfestingar ehf.

Enginn af stjórnendum BYR sparisjóðs hefur hlotið sakfellingu vegna svikamála, orðið gjaldþrota, þurft að sæta skiptameðferð eða fengið á sig opinbera ákæru.

Engir augljósir hagsmunaárekstrar eru vegna skyldustarfa sparisjóðsstjóra, framkvæmdastjóra og stjórnarmanna BYR sparisjóðs og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Athygli er þó vakin á því að allir stjórnarmenn eru jafnframt í forsvari fyrir félög sem eru stofnfjáreigendur í BYR sparisjóði og félög sem þeir eru í forsvari fyrir teljast öll til viðskiptavina sparisjóðsins.

Stjórn BYR sparisjóðs	Hlutverk í stjórn	Stjórnendur BYR sparisjóðs	
Jón Þorsteinn Jónsson	Stjórnarformaður	Sparisjóðsstjórnar:	
Egill Ágústsson	Varaformaður	Ragnar Zophonías Guðjónsson	Sparisjóðsstjóri
Matthías Páll Imsland	Ritari	Magnús Ægir Magnússon	Sparisjóðsstjóri
Magnús Ármann	Meðstjórnandi	Framkvæmdastjórn:	
Styrmir Þór Bragason	Meðstjórnandi	Atli Örn Jónsson	Bankþjónusta
		Hrónn Pétursdóttir	Fyrirtækjasvið
		Magnús Pálsson	Viðskiptaþróun og markaðsmál
		Sighvatur Sigfússon	Fjármálasvið
		Sigurjón Arnason	Markaðsviðskipti
		Sæmundur Benediktsson	S24
		Aðrir stjórnendur:	
		Gunnar Arnason	Áhættustýring
		Herdís Pála Pálsdóttir	Mannauðsstjórn
		Mjöll Flosadóttir	Innri endurskoðun

9.3.2 Upplýsingar um stjórn og stjórnendur**Stjórn sparisjóðsins:**

Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður

Deildarási 15, 110 Reykjavík

Menntun: Matreiðslumaður frá Hótel- og veitingaskóla Íslands.

Eign í BYR sparisjóði ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 8.653.884 kr. að nafnvirði þann 01.06.2007.

Jón Þorsteinn starfaði sem verslunarstjóri ýmissa Nóatúnsverslana á árunum 1990-1999 er hann tók við stöðu markaðsstjóra hjá Nóatúni. Á árinu 2001 hefur hann starfað sem starfandi stjórnarformaður í fjárfestingafélaginu Saxhóli ehf. Jón Þorsteinn er formaður stjórnar í BYR sparisjóði.

Nafn	Núverandi stjórnarseta
Jón Þorsteinn Jónsson	Saxhóll ehf. Saxbygg ehf. BYR sparisjóður Runni ehf. Andaklettur ehf. Lífsvall ehf. MP Fjárfestingarbanki hf. Saxsteinn ehf. Gasfélagið ehf. Premium Kredit hf. Öryggismiðstöð Íslands ehf. Tæknilundur ehf.

Egill Ágústsson

Reynihlíð 17, 105 Reykjavík

Menntun: Fjármálatengt nám í West Ham College, London.

Eign í BYR sparisjóði ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 2.253.323 kr. að nafnvirði þann 01.06.2007.

Egill Ágústsson er framkvæmdastjóri og hluthafi í Íslensk Ameríska. Hann hefur frá upphafi borið ábyrgð á allri uppbyggingu og stefnumótun Íslensk Ameríska og fyrirtækja sem félagið hefur keypt á undanförunum árum. Egill hefur setið í stjórn ýmissa félaga en var kosinn í stjórn Sparisjóðs vélstjóra á árinu 2006 sem fulltrúi Myllunnar hf. Egill gegnir embætti varaformanns í stjórn BYR sparisjóðs.

Nafn	Núverandi stjórnarseta
Egill Ágústsson	Íslensk Ameríska Tankurinn ehf. Hekla hf. Mekka hf.

Magnús Ármann

Laufásvegi 69, 101 Reykjavík

Eign í BYR sparisjóði ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 12.593.331 kr. að nafnvirði þann 01.06.2007.

Magnús er fjárfestir og hefur tekið þátt í fjölmörgum fjárfestingarverkefnum á Íslandi. Hann hefur jafnframt tekið þátt í uppbyggingarverkefnum á Bretlandseyjum. Magnús Ármann situr í stjórn BYR sparisjóðs fyrir hönd Ziltis Inc.

Nafn	Núverandi stjórnarseta
Magnús Ármann	AMS eignarhaldsfélag ehf. Ágúst Ármann ehf. BYR sparisjóður D3 Miðlar ehf. FL GROUP hf. Gramophone ehf. Heildverslunin Bik ehf. Houdini ehf. Icon ehf. Imon ehf. Íslensk veitingahús ehf. Maggi ehf. Materia Invest ehf. MogS ehf. Mógullinn ehf. NOCI ehf. Pizza austurland ehf. Runnur ehf.

Matthías Páll Imsland

Kambaseli 39, 109 Reykjavík

Menntun: B.Sc. í stjórnamálafræði og viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. M.Sc. í European Affairs frá University of Lund. M.Sc. í viðskiptafræðum frá Háskóla Íslands. MBA frá North Park University.

Eign í BYR sparisjóði ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 2.203.323 kr. að nafnvirði þann 01.06.2007.

Matthías gegnir stöðu forstöðumanns norrænna fjárfestinga hjá Fons Eignarhaldsfélag hf. Matthías situr nú í stjórn BYR sparisjóðs fyrir hönd Fons Eignarhaldsfélags. Matthías er ritari stjórnar.

Nafn	Núverandi stjórnarseta
Matthías Páll Imsland	Astreus Bensínorkan ehf. Fly Me Grjóti ehf. Hekla Travel Iceland Express hf. Innn hf. Melkot hf. Multiq Norðurljós Orkan Plastprent hf. Pönnupizzur ehf. Skeljungur hf. BYR sparisjóður Stofnun Sæmundar fróða Ticket University of Iceland

Styrmir Þór Bragason

Bakkavör 26, 170 Seltjarnarnes

Menntun: Cand. Oecon í viðskiptafræðum frá Háskóla Íslands. M.Sc. í Banking and Finance frá Stirling University árið 1997.

Eign í BYR sparisjóði ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 6.094.178 kr. að nafnvirði þann 01.06.2007.

Styrmir tók við stöðu forstjóra MP fjárfestingarbanka hf. á árinu 2006. Fram að því hafði hann gegnt hinum ýmsu störfum og má nefna sem framkvæmdastjóri Atorku Group hf. og framkvæmdastjóri Fjárfestingarfélagsins Afl hf. Á árinu 2006 tók Styrmir sæti í stjórn BYR sparisjóðs fyrir hönd MP fjárfestingarbanka.

Nafn	Núverandi stjórnarseta
Styrmir Þór Bragason	BYR sparisjóður Jarðboranir hf.

Framkvæmdastjórn sparisjóðsins:

Ragnar Zophonías Guðjónsson, sparisjóðsstjóri

Klettabergi 40, 221 Hafnarfirði

Menntun: Cand. oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.

Eign í BYR sparisjóði ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 450.000 kr. á nafnvirði þann 31.12.2006.

Ragnar hóf störf hjá Sparisjóði vélstjóra árið 1996 og starfaði í fyrstu sem forstöðumaður hagdeildar og markaðsmála þar til árið 1999 er hann tók við stöðu forstöðumanns innri

endurskoðunar sparisjóðsins. Árið 2004 tók Ragnar við stöðu sparisjóðsstjóra. Ragnar hefur setið í stjórnnum ýmissa félaga tengdum sparisjóðnum.

Nafn	Núverandi stjórnarseta
Ragnar Zophonías Guðjónsson	Vörður-Íslandstrygging hf. Eignarhaldsfélagið ehf. Lánstraust hf. Icebank hf. SP-Fjármögnun hf. Samband íslenskra sparisjóða Fjárfestingafélag sparisjóðanna hf. Bréfabær ehf. SPV fjárfesting hf. Intrum á Íslandi hf.

Magnús Ægir Magnússon, sparisjóðsstjóri

Staðarhvammi 9, 220 Hafnarfirði

Menntun: Cand. oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. MBA frá University of Edinburgh.

Eign í BYR sparisjóði ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 0 kr. þann 31.12.2006.

Magnús hóf störf hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar árið 1997 er hann tók við stöðu forstöðumanns fyrirtækjasviðs sparisjóðsins. Á árinu 2005 tók Magnús við stöðu sparisjóðsstjóra og mun gegna sömu stöðu hjá Sparisjóði vélstjóra. Magnús hefur setið í stjórnnum á vegum Sparisjóðs Hafnarfjarðar og situr nú í bankaráði Icebank.

Nafn	Núverandi stjórnarseta
Magnús Ægir Magnússon	Icebank hf. Verðbréfaþjónusta Sparisjóða hf. Hringur-eignarhaldsfélag ehf. Allianz Ísland hf. SP-fjármögnun hf. Sparibréf ehf. Fjárvari ehf.

Atli Örn Jónsson, framkvæmdastjóri bankaþjónustu

Grófarsmára 17, 200 Kópavogi

Menntun: Cand. oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.

Eign í BYR sparisjóði ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 150.000 kr. að nafnvirði þann 31.12.2006,

Atli Örn hóf störf hjá Sparisjóði vélstjóra árið 2003 og gegnir stöðu framkvæmdastjóra þjónustusviðs. Atli er stjórnarmaður í Kreditkortum hf.

Nafn	Núverandi stjórnarseta
Atli Örn Jónsson	Kreditkort hf.

Gunnar Árnason, yfirmaður áhættustýringar og útlánaeftirlits
Mávahlíð 41, 105 Reykjavík
Menntun: Cand. oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.
Eign í BYR sparisjóði ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 225.000 kr. að nafnvirði þann 31.12.2006.

Gunnar hóf störf hjá Sparisjóði vélstjóra árið 2003 sem forstöðumaður fjárstýringar. Á árinu 2004 tók hann við stöðu forstöðumanns innra eftirlits og starfar jafnframt sem sérfræðingur efnahagsmála hjá sparisjóðnum. Í hinum nýja sameinaða sjóði gegnir hann stöðu forstöðumanns áhættustýringar. Gunnar situr í stjórn félags tengt sparisjóðnum

Nafn	Núverandi stjórnarseta
Gunnar Árnason	Vostok Holdings ehf.

Herdís Pála Pálsdóttir, mannauðsstjóri
Sóleyjarimi 91, 112 Reykjavík
Menntun: B.Ed. frá Kennaraháskóla Íslands árið 1994. MBA frá University of New Haven árið 2000.
Eign í BYR sparisjóði ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 25.000 kr. að nafnvirði þann 31.12.2006.

Herdís starfaði frá árinu 2002 hjá Glitni sem fræðslustjóri og deildarstjóri Þekkingar og þróunar. Hún hóf störf hjá Sparisjóði vélstjóra í desember 2006 og gegnir stöðu mannauðsstjóra

Hrönn Pétursdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs
Eskivöllum 7
Eign í BYR sparisjóði ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 0 kr. þann 31.12.2006.

Hrönn hóf störf hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar árið 1980, fyrst í launadeild og síðar á lánasviði. Hún hefur gegnt stöðu forstöðumanns á fyrirtækjasviði frá árinu 2005 og gegnir stöðu framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs hjá BYR sparisjóði.

Nafn	Núverandi stjórnarseta
Hrönn Pétursdóttir	Básbryggja ehf.

Magnús Pálsson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar og markaðsmála
Álfabergi 20, 221 Hafnarfirði

Menntun: Cand. oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. MBA GeM frá Háskólanum í Reykjavík.

Eign í BYR sparisjóði ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 0 kr. þann 31.12.2006.

Magnús hóf störf hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar árið 1998 og gegndi fyrst um sinn stöðu forstöðumanns á þróunarsviði sparisjóðsins. Á árinu 2005 tók hann við stöðu framkvæmdastjóra innri reksturs hjá sparisjóðnum. Í desember 2006 tók hann við stöðu framkvæmdastjóra viðskiptaþróunar og markaðsmála hjá BYR sparisjóði.

Nafn	Núverandi stjórnarseta
Magnús Pálsson	Samband íslenskra sparisjóða

Mjöll Flosadóttir, forstöðumaður innri endurskoðunar

Traðarbergi 15, 221 Hafnarfirði

Menntun: Cand. Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Próf í verðbréfavíðskiptum frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

Eign í BYR sparisjóði ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 0 kr. þann 31.12.2006.

Mjöll hóf störf hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar árið 1984. Hún var í fyrstu í sumarstörfum en eftir að námi lauk hefur hún gegnt ýmsum störfum innan sparisjóðsins. Á árunum 1987-1994 gegndi hún stöðu forstöðumanns veðdeildar og verðbréfavíðskipta. Á árinu 1994 tók hún við stöðu forstöðumanns hagdeildar og innri endurskoðunardeildar og gegndi því starfi allt þar til árið 2004 er hún tók við stöðu aðstoðarmanns sparisjóðsstjóra. Á árinu 2005 tók MJöll við stöðu forstöðumanns innri endurskoðunar og gegnir því starfi hjá BYR sparisjóði.

Nafn	Núverandi stjórnarseta
Mjöll Flosadóttir	Tryggingasjóður Sparisjóðanna

Sighvatur Sigfússon, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Túnhvammi 3, 220 Hafnarfirði

Menntun: Cand. oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Próf í verðbréfavíðskiptum frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. MBA frá University of Edinburgh.

Eign í BYR sparisjóði ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 75.000 kr. að nafnvirði þann 31.12.2006.

Sighvatur hóf störf hjá Sparisjóði vélstjóra árið 2000 sem forstöðumaður fjárstýringar. Sighvatur fór í námsleyfi frá september 2003 til september 2004 og tók við stöðu framkvæmdastjóra fjárstýringar hjá sparisjóðnum í október 2004. Sighvatur mun gegnir stöðu framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá BYR sparisjóði. Sighvatur situr í stjórn félags tengt sparisjóðnum.

Nafn	Núverandi stjórnarseta
Sighvatur Sigfússon	Verðbréfaþjónusta Sparisjóða hf.

Sigurjón Arnarsson, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta
Þrastahraun 3, 220 Hafnarfirði

Menntun: Cand. oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.

Eign í BYR sparisjóði ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 0 kr. þann 31.12.2006.

Sigurjón hóf störf hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar árið 1997 og starfaði í fyrstu við ýmis störf tengd verðbréfum. Sigurjón tók við stöðu framkvæmdastjóra markaðsviðskipta í apríl 2005. Sigurjón gegnir stöðu framkvæmdastjóra markaðsviðskipta hjá BYR sparisjóði.

Sæmundur Benediktsson, framkvæmdastjóri S24

Nýlendugötu 30, 101 Reykjavík

Menntun: Cand. oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1988.

Eign í BYR sparisjóði ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 0 kr. þann 31.12.2006

Sæmundur hóf störf hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar árið 1996 sem forstöðumaður S24. Sæmundur hefur gegnt stöðu framkvæmdastjóra S24 frá árinu 2005.

Nafn	Núverandi stjórnarseta
Sæmundur Benediktsson	Allianz Ísland hf. Hringur-eignarhaldsfélag ehf. Teris

9.4 Starfsmenn

Með starfsmannastefnu sinni leitast BYR sparisjóður við að viðhalda anda framsækings fjármálafyrirtækis og bjóða jafnframt upp á metnaðarfullt og jákvætt starfsumhverfi.

Þann 31. desember 2006 eru starfsmenn BYR sparisjóðs 170 talsins í 156 stöðugildum. Neðangreind tafla sýnir helstu svið og fjölda starfsmanna.

BYR sparisjóður	Fjöldi starfsmanna
Fjármálasvið	31
Bankaþjónusta	74
Viðskiptaþróun og markaðsmál	25
S-24	11
Markaðsviðskipti	2
Fyrirtækjaþjónusta	9

9.5 Kaupréttarkerfi

Ekkert kaupréttarkerfi er í gangi hjá sparisjóðnum.

10 Stofnfé og stofnfjáreigendur

10.1 Útgefið stofnfé

Þann 31. desember 2006 er heildarnafnverð útgefins stofnfjár í Sparisjóði vélstjóra að viðbættu endurmati kr. 231.290.326.- og skiptist í jafnmarga einnar krónu hluti. Stofnfé getur tekið hækkunum í samræmi við heimild í 3. mgr. 11. gr. samþykktanna.

Þróun stofnverðs (á krónu)	2.002	2.003	2.004	2.005	2.006
BYR sparisjóður	1,28108	1,38044	1,50620	1,64704	1,76150

10.2 Heimild til aukningar stofnfjár

Á aðalfundi BYR sparisjóðs sem haldinn var þann 13. mars 2007 var samþykkt að stjórn sparisjóðsins væri heimilt að auka stofnfé hans í 30 milljarða og stjórn falið að ákveða hvenær og innan hvaða marka hækkunarheimildin yrði nýtt. Gildistími heimildarinnar er fimm ár frá 13. mars 2007, en fellur þá niður að svo miklu leyti sem hún hefur þá ekki verið nýtt.

10.3 Ráðstöfun hagnaðar og réttindi til arðs.

Ráðstöfun hagnaðar fer eftir 68. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Lagagreinin er svohljóðandi:

Ráðstöfun hagnaðar.

Hagnaði sparisjóðs skal ráðstafað sem hér segir:

1. Aðalfundur getur ákveðið, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, að greiða stofnfjáreigendum arð af stofnfé. Öryggissjóður samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, sem allir sparisjóðir stofna í þessu skyni, ákveður árlega hámarkshlutfall arðgreiðslu. Heimilt er að greiða arð þótt tap sé á rekstri sparisjóðs.

2. Til viðbótar arðgreiðslu skv. 1. tölul. getur aðalfundur ákveðið, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, að ráðstafa allt að 10% af hagnaði hvers árs til hækkunar á stofnfé sjóðsins, þó þannig að hækkun stofnfjár samkvæmt þessum tölulíð verði aldrei meiri en 5% á ári. Heimild til endurmats samkvæmt þessum tölulíð flyst ekki á milli ára. Endurmat samkvæmt þessum tölulíð má ekki leiða til þess að bókfært eigið fé að frádregnu stofnfé verði lægra en það var í árslok 2000. Nýtt stofnfé nýtur hlutfallslega endurmats samkvæmt þessum tölulíð miðað við inngreiðslu þess innan ársins. Arðurinn skal reiknaður af endurmetnu stofnfé eins og það er í lok reikningsárs.

3. Hagnað, sem ekki er ráðstafað skv. 1. og 2. tölul., skal leggja í varasjóð.

Þá er sparisjóðnum á grundvelli 67. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki heimilt að endurmeta stofnfé sjóðsins með tilliti til breytinga á vísitölu neysluverðs.

Á fundi Tryggingasjóðs sparisjóðanna dags. 23. nóvember 2006 ákvað stjórn sjóðsins að arðgreiðsla fyrir árið 2007 vegna rekstrarársins 2006 mætti að hámarki vera sú sama og raunarðsemi eigin fjár viðkomandi sparisjóðs og reiknast af endurmetnu stofnfé í árslok 2006. Ákvörðunin var birt öllum sparisjóðum þann 5. desember 2006. Þessi ákvörðun sjóðsins er í samræmi við ákvörðun tveggja síðustu ára á undan.

Á aðalfundi BYR sparisjóðs sem halda skal fyrir lok maí mánaðar ár hvert skal taka ákvörðun um greiðslu arðs á grundvelli 68. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

10.4 Stofnfjáreigendur

Heildarnafnverð útgefna bréfa er 131.352.267 kr. og er fjöldi stofnfjáreigenda 611. Tuttugu stærstu stofnfjáreigendurnir eiga 58,50% af útgefnu stofnfé sbr. meðfylgjandi töflu:

	Nafnverð	%
Imon ehf	12.593.331	9,587%
Saxhóll ehf	7.903.714	6,017%
Hraunbjarg ehf	6.069.178	4,621%
Landsbanki Luxembourg S.A	5.462.500	4,159%
Bygg invest ehf	5.453.323	4,152%
Myllan-brauð ehf	4.328.714	3,296%
IceCapital ehf	4.029.154	3,067%
Glitnir hf	3.325.000	2,531%
Fjárfestingafélagið Primus ehf	3.129.154	2,382%
Rona Finance Trading Ltd	3.125.077	2,379%
Sólstafir ehf	3.125.000	2,379%
Fons Eignarhaldsfélag ehf	2.203.323	1,677%
Glitnir Eignarhaldsfélag ehf	2.203.323	1,677%
Hagar ehf	2.203.323	1,677%
Karen Millen	2.203.323	1,677%
Kevin Stanford	2.203.323	1,677%
SJI ehf	2.203.323	1,677%
Skarðshyrna ehf	2.203.323	1,677%
Guðmundur Albert Birgisson	1.776.662	1,353%
Fjárfestingafélagið Klettur ehf	1.101.662	0,839%
Tuttugu stærstu samtals	76.845.730	58,50%
Aðrir hluthafar samtals	54.506.537	41,50%
Heildarnafnverð stofnfjár	131.352.267	100,00%

Margeir Pétursson er formaður stjórnar Hraunbjargs ehf.

Magnús Ármann er formaður stjórnar Imon ehf. og á jafnframt sæti í stjórn BYR sparisjóðs.

Jón Þorsteinn Jónsson er formaður stjórnar Saxhóls ehf. og stjórnarformaður BYR sparisjóðs.

10.5 Atkvæðisréttur

Stofnfjáreigendur eiga einn eða fleiri jafngilda stofnfjárhluti og er atkvæðaréttur í réttu hlutfalli við stofnfjáreign. Ekki eru sett takmörk á fjölda hluta í eigu einstakra stofnfjáreigenda. Þó er einstökum stofnfjáreigendum aldrei heimild, fyrir sjálfs síns hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóðnum hvort sem yfirráð yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni hlutdeild í stofnfé.

10.6 Stofnfjárskomulag

BYR sparisjóði er ekki kunnugt um að samkomulag sé í gangi milli stofnfjáreigenda um meðferð atkvæðisréttar né að stofnfjáreigendur hafi skuldbundið sig til þess að selja ekki stofnfé sitt innan ákveðins tíma.

10.7 Forgangsréttur

Í samræmi við 12. gr. í samþykktum sparisjóðsins eiga stofnfjáreigendur við aukningu stofnfjár rétt til þess að skrá sig fyrir auknu stofnfé, í hlutfalli við stofnfjáreign sína.

10.8 Viðskipti með stofnfjárbréf

Viðskipti með stofnfjárhluti eiga sér ekki stað á skipulegum markaði en tilboðsmarkaður með stofnfjárhluti hefur verið settur á stofn og hefur stjórn sparisjóðsins samið við MP Fjárfestingarbanka hf. um umsjón markaðarins. Stjórn sparisjóðsins þarf að samþykkja allar framsalsbeiðnir á stofnfjárhlutum en hins vegar er ekkert gefið upp um viðskiptaverð í þessum framsalsbeiðnum. Vegna þessa liggja ekki fyrir hjá sparisjóðnum áreiðanlegar upplýsingar um þróun á verði stofnfjárhluta sem ganga kaupum og sölum.

11 Fjárhagsupplýsingar

11.1 Sögulegar fjárhagsupplýsingar

Rekstrarreikningur (í þús. kr.)		
	2006	2005
Vaxtatekjur	8.219.221	2.775.919
Vaxtagjöld	(6.431.484)	(1.860.944)
Hreinar vaxtatekjur	1.787.737	914.975
Þóknunartekjur	847.941	260.269
Þóknunargjöld	(169.769)	(89.619)
Hreinar þóknunartekjur	678.172	170.650
Arðstekjur	76.593	20.016
Tekjur af veltufjáreignum	664.927	602.969
Hreinar tekjur af öðrum fjáreignum á gangvirði	32.305	24.287
Gjaldeyrisgengismunur	24.052	(31.744)
Aðrar rekstrartekjur	106.910	65.719
Laun og launatengd gjöld	(1.155.056)	(443.145)
Annar rekstrarkostnaður	(993.173)	(355.608)
Afskriftir	(64.511)	(18.320)
	(1.307.953)	(135.826)
Rekstrarhagnaður fyrir virðisrýrnun útlána	1.157.956	949.799
Virðisrýrnun útlána	(89.153)	(185.728)
Rekstrarhagnaður	1.068.803	764.071
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfyrtækja	2.130.886	601.420
Hagnaður fyrir skatta	3.199.689	1.365.490
Tekjuskattur	(523.391)	(239.645)
Hagnaður ársins	2.676.298	0 1.125.845
Skipting hagnaðar:		
- Stofnfjáreigendur og varasjóður	2.661.937	1.125.845
- Minnihluti	14.361	0
	2.676.298	1.125.845

Efnahagsreikningur (í þús. kr.)

	31.12 2006	1.1 2006
EIGNIR		
Sjóður og óbundnar bankainnistæður	1.451.079	429.096
Útlán og kröfur - lánastofnanir	8.812.690	4.869.456
Útlán og kröfur - viðskiptamenn	72.988.464	24.302.076
Veltufjáreignir	9.816.538	4.332.746
Fjáreignir:		
- til sölu	569.154	325.730
- til gjalddaga	441.492	470.721
Hlutdeildarfélög	7.418.574	2.431.659
Óefnislegar eignir	1.508.546	0
Rekstrarfjármunir	771.609	292.978
Fjárfestingaeignir	165.250	165.250
Aðrar eignir	245.089	42.072
Eignir samtals	104.188.485	37.661.784
SKULDIR		
Innlán - lánastofnunum	8.335.902	3.319.155
Innlán - viðskiptamenn	46.837.836	19.835.383
Lántökur	30.020.742	7.558.976
Víkjandi lán	1.567.916	137.495
Lífeyrisskuldbinding	923.134	0
Tekjuskattskuldbinding	1.480.557	404.360
Skattar til greiðslu	129.083	33.879
Aðrar skuldir	945.462	192.020
Skuldir samtals	90.240.632	31.481.268
EIGIÐ FÉ		
Stofnfé	231.377	131.967
Varasjóður	13.685.613	6.048.548
	13.916.990	6.180.515
Hlutdeild minnihluta	30.864	0
Eigið fé samtals	13.947.854	6.180.515
Skuldir og eigið fé samtals	104.188.485	37.661.784

Eiginfjáryfirlit (í þús. kr.)

	Stofnfé	Varasjóður	Samtals stofnfé og varasjóður	Hluti minni- hluta	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2005	120.684	4.856.823	4.977.507	0	4.977.507
Endurmat stofnfjár	11.283	(11.283)			
Gangvirðisbreyting eigna til sölu - nettó		1.050	1.050		1.050
Arður ársins 2004		(14.958)	(14.958)		(14.958)
Breytingar vegna IFRS hjá hlutdeildarfélögum		1.213	1.213		1.213
Hagnaður ársins - leiðréttur vegna IFRS		1.125.845	1.125.845		1.125.845
Eigið fé 31. desember 2005	131.967	5.958.690	6.090.656	0	6.090.656
Innleiðing á IFRS 1 - áhrif á eigið fé		89.860	89.860		89.860
Aðlagður jöfnuður 1. janúar 2006	131.967	6.048.550	6.180.515	0	6.180.515
Samruni við Sparisjóðs Hafnarfjarðar	84.373	4.968.717	5.053.090	16.503	5.069.593
Endurmat stofnfjár	15.037	(15.037)			
Gangvirðisbreyting eigna til sölu - nettó		2.269	2.269		2.269
Breytingar vegna IFRS hjá hlutdeildarfélögum		38.900	38.900		38.900
Innborgað yfirverð		4.034	4.034		4.034
Arður ársins 2005		(23.754)	(23.754)		(23.755)
Hagnaður ársins		2.661.937	2.661.937	14.361	2.676.298
Eigið fé 31. desember 2006	231.377	13.685.616	13.916.990	30.864	13.947.854

Sjóðstreymi(í þús. kr.)

	2006	2005
Handbært fé frá rekstri		
Hagnaður ársins	3.199.689	1.365.490
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi frá rekstri:		
Virðisryrnun útlána	89.153	185.728
Afskriftir	44.372	18.320
Afskriftir óápreifanlegra eigna	20.139	0
Áhrif hlutdeildar- og dótturfélaga	(2.130.886)	(601.989)
Gengismunur	1.598.050	(361.751)
Söluhagnaður hlutdeildarfélaganna	0	0
Handbært fé frá rekstri án rekstrartengdra eigna og skulda	2.820.517	605.798
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:		
Breyting útlána til fjármálastofnana	(54.561)	193.471
Breyting útlána	(8.743.219)	(5.608.752)
Breyting veltufjáreigna	641.318	36.914
Breyting annarra eigna	116.641	(8.602)
Breyting vegna lántökur fjármálastofnana	1.322.449	1.662.121
Breyting innlána	4.366.062	2.230.475
Veltufjárskuldir	0	
Breytingar á öðrum skuldum	329.099	26.247
Handbært fé frá (til) rekstrar	798.304	(862.328)
Fjárfestingahreyfingar		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(17.032)	19.453
Fjárfesting í hlutdeildar og dótturfélögum	(797.456)	(432.894)
Óefnislegar eignir	(22.512)	0
Fjárfestingahreyfingar	(837.000)	(413.441)
Fjármögnunarhreyfingar		
Lántökur	5.512.540	1.727.471
Innborgað stofnfé	4.034	0
Víkjandi lán	(128.035)	5.448
Greiddur arður til stofnfjáreigenda	(23.754)	(14.958)
Fjármögnunarhreyfingar	(147.755)	1.717.961
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(186.451)	442.192
Handbært fé í ársbyrjun	5.002.603	4.560.411
Áhrif samruna	3.210.017	0
Handbært fé í lok ársins	8.026.169	5.002.603

11.2 Endurskoðun fjárhagsupplýsinga

Allar fjárhagsupplýsingar í útgefandalýsingu þessari eru fengnar úr endurskoðuðum ársreikningum útgefanda.

Síðustu endurskoðuðu fjárhagsupplýsingar eru frá 31.12.2006.

11.3 Dómsmál og gerðadómsmál

BYR sparisjóður á ekki í öðrum málaferlum en þeim sem tengjast hefðbundinni innheimtu þar sem sparisjóðurinn er kröfuhafi.

11.4 Mikilvægar breytingar á fjárhagsstöðu útgefanda

Engar mikilvægar breytingar hafa átt sér stað á fjárhagsstöðu útgefanda frá lokum síðasta fjárhagstímabils til útgáfu þessarar lýsingar.

12 Skjöl til sýnis

Á meðan útgefandalýsing þessi er í gildi eru eftirfarandi skjöl til sýnis á vefsíðu sparisjóðsins, www.byr.is. Útgefandalýsingin gildir í eitt ár frá útgáfudegi.

- Útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu má nálgast á vef BYR sparisjóðs www.byr.is.
- Samþykktir BYR sparisjóðs má nálgast á, www.byr.is.
- Ársreikninga Sparisjóðs vélstjóra árin 2003, 2004 og 2005 er hægt að nálgast á heimasíðu BYR sparisjóðs www.byr.is
- Ársreikninga Sparisjóðs Hafnarfjarðar árin 2003, 2004 og 2005 er hægt að nálgast á heimasíðu BYR sparisjóðs, www.byr.is
- Ársskýrslu BYR sparisjóðs fyrir árið 2006 er að finna á heimasíðu BYR sparisjóðs, www.byr.is

Viðauki 1: Samþykktir útgefanda

Samþykktir fyrir BYR sparisjóð *Samþykkt á aðalfundi sparisjóðsins 13. mars 2007*

I. kafli.

Heiti, heimili, varnarþing og hlutverk.

1. gr.

Sparisjóðurinn heitir BYR sparisjóður í samþykktum þessum nefndur sparisjóðurinn.

2. gr.

Heimili sparisjóðsins og varnarþing er að Borgartúni 18, 105 Reykjavík.

3. gr.

Sparisjóðurinn starfar samkvæmt lögum, um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Hlutverk hans er að stunda sparisjóðastarfsemi eins og hún er skilgreind í áðurgreindum lögum.

II. kafli.

Stofnfé, skipting þess og atkvæðisréttur.

4. gr.

Sparisjóðurinn tók til starfa 11.11. 1961 eða fyrir gildistöku laga nr. 43/1993. Um hann gilda því ákvæði 77. gr. laga nr. 161/2002 um lágmark stofnfjár.

Stofnfé sparisjóðsins er að lágmarki kr. 216.339.841.- og skiptist í jafnmarga einnar krónu hluti. Stofnfé getur tekið hækkunum í samræmi við heimild í 3. mgr. 11. gr. samþykktanna.

Stjórn sparisjóðsins er heimilt að auka stofnfé hans í allt að kr. 30.000.000.000,00 og skal stjórnin ákveða hvenær og innan hvaða marka hækkunarheimildin verður nýtt. Þessi heimild gildir í 5 ár, til ársins 2012, en fellur þá úr gildi að því marki sem hún hefur ekki verið nýtt.

Um hækkun stofnfjár skulu eftirgreindar reglur gilda:

- a) Það verð sem gjalda ber fyrir nýja stofnfjárhluti skal vera nafnverð að viðbættu þegar gerðu endurmati, hagnaðarráðstöfunum og ónýtttri heimild til endurmats stofnfjár.
- b) Stofnfjáreigendur skulu hafa forgangsrétt að nýjum hlutum í hlutfalli við stofnfjáreign sína á áskriftartímabili sem stjórn ákveður. Gjaldtagi áskriftarinnar skal vera 7 dögum eftir lok áskriftartímabils.
- c) Að því marki sem stofnfjáreigendur ekki nýta sér áskriftarrétt sinn að hækkunaráfanga gengur hann að tiltölu til þeirra stofnfjáreigenda sem hann vilja nýta. Að þeim frágengnum hefur stjórn heimild til að selja nýjum stofnfjáreigendum það sem þá enn kann að vera óselt.
- d) Um atkvæðisrétt nýrra hluta fer skv. ákvæðum 5. gr. samþykktar þessa.

5. gr.

Stofnfjáreigendur eiga einn eða fleiri jafngilda stofnfjárhluti og er atkvæðisréttur í réttu hlutfalli við stofnfjáreign. Ekki eru sett takmörk á fjölda hluta í eigu einstakra stofnfjáreigenda. Þó er einstökum stofnfjáreigendum aldrei heimilt, fyrir sjálfs síns hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóðnum hvort sem yfirráð yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni hlutdeild í stofnfé.

Atkvæðisréttur fylgir ekki þeim stofnfjárhlutum sem sparisjóðurinn kann að eiga sjálfur og skulu þau dregin frá þegar miða skal við heildaratkvæðamagn í samþykktum þessum. Allir stofnfjárhlutir eru að öðru leyti jafnir.

6. gr.

Enginn stofnfjáreigandi ábyrgist skuldbindingar sparisjóðsins umfram stofnfé sitt nema hann hafi tekið á sig frekari ábyrgð með sérstökum löggæringum.

III. kafli.

Útgáfa stofnfjárbréfa og eigendaskipti.

7. gr.

Sparisjóðurinn skal gefa út stofnfjárbréf fyrir skráðum stofnfjárhlutum og skulu þau undirrituð af sparisjóðsstjórn. Þau má ekki afhenda fyrr en hlutur er að fullu greiddur.

Stofnfjárbréf skulu hljóða á nafn og verða þau ekki framseld til handhafa þannig að gildi hafi gagnvart sparisjóðnum.

Í stofnfjárbréfi skal greina:

- a) Heiti sparisjóðsins og heimilisfang,
- b) númer og fjárhæð hlutar,
- c) nafn, heimilisfang og kennitölu stofnfjáreiganda,
- d) útgáfudag stofnfjárbréfs,
- e) efni 64. og 65. gr. laga nr. 161/2002
- f) sérstök atriði er varða réttindi og skyldur stofnfjáreigenda.

Heimilt er að gefa stofnfjárbréf út rafrænt í verðbréfamiðstöð í samræmi við ákvæði laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa nr. 131/1997. Stofnfjáreigendur fá þá rafrétt útgefið í verðbréfamiðstöð og eignarréttindi skráð yfir því og veitir sú skráning stofnfjáreiganda þau réttindi sem samþykktir þessar og lög mæla fyrir um.

8. gr.

Færð skal skrá yfir stofnfjáreigendur sparisjóðsins. Í skránni skal tilgreina nafn stofnfjáreiganda, heimilisfang og kennitölu ásamt stofnfjáreign hans. Verði eigendaskipti á stofnfjárhlut og ákvæði laga eða samþykktu þessara eru þeim ekki til fyrirstöðu, skal nafn hins nýja stofnfjáreiganda fært í skrána, þegar hann tilkynnir eigendaskiptin og sannar rétt sinn. Enn fremur skal geta eigendaskipta- og skráningardags. Þegar nafn nýs eiganda er fært í skrána skal stofnfjárbréfið einnig áritað um færsluna. Skrána skal ætíð geyma á skrifstofu sparisjóðsins og eiga allir stofnfjáreigendur aðgang að henni.

Verði heimild lokamálsgreinar 7. gr. nýtt, skal útskrift frá verðbréfaskráningu um eignarhald á stofnfjárhlutum í sparisjóðnum teljast fullnægjandi grunnur að stofnfjáreigendaskrá. Gagnvart sparisjóðnum telst stofnfjáreigendaskráin fullgild sönnun að eignarrétti að stofnfjárhlutum í honum.

9. gr.

Sala, eða annað framsal stofnfjárhlutar í sparisjóðnum, er óheimil, nema með samþykki sparisjóðsstjórnar og skal hún taka afstöðu til beiðni þar um innan tveggja mánaða frá því hún berst. Telji sparisjóðsstjórn að væntanlegur kaupandi stofnfjár falist eftir virkum eignarhlut í sparisjóðnum sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002, skal stjórnin hafna samþykki framsals þar til samþykki Fjármálaeftirlitsins er fengið. Nú leiðir framsal stofnfjárhlutar, eða aukning stofnfjár til þess að einstakur stofnfjáraðili eða stofnfjáreigandi og aðili sem hann er í nánum tengslum við í skilningi 18. gr. laga nr. 161/2002, eignist eða fari með virkan eignarhlut og skal þá stjórn sparisjóðsins ekki samþykkja framsal eða aukin kaup stofnfjár nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins og að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. 70. gr.

Veðsetning stofnfjárhluta í sparisjóðnum er heimil að tilskildu samþykki stjórnar sparisjóðsins.

Eigendaskipti að stofnfjárhlutum öðlast ekki gildi gagnvart sparisjóðnum fyrr en að fengnu samþykki stjórnar og verði heimild til rafrænnar eignarskráningar nýtt, er einnig tilskilið að stjórn hafi hlutast til um skráningu eigendaskiptanna í verðbréfamiðstöð.

10. gr.

Ef stofnfjárbréf glatast eða eyðileggst skal eigandi þess fá nýtt stofnfjárbréf gegn afhendingu ógildingardóms um hið glataða eða eyðilagða bréf. Sparisjóðsstjórn skal þó heimilt að gefa út nýtt stofnfjárbréf þótt ógildingardóms sé ekki aflað, ef hún telur nægilega sannað að bréfið hafi eyðilagst. Afhenda má eiganda ný stofnfjárbréf í stað skemmdra en læsilegra bréfa.

Sparisjóðurinn má sjálfur ekki eiga meira en 10% af eigin stofnfé. Eignist hann meira af stofnfénu vegna ákvæða 65. gr. laga nr. 161/2002 skal það selt þannig að lögmætu marki sé náð innan þriggja mánaða.

IV. kafli.
Aukning stofnfjár.

11. gr.

Fundur stofnfjáreigenda getur ákveðið að auka stofnféð umfram það sem kveðið er á um í 4. gr. með áskrift nýrra stofnfjárhluta, eftir sömu reglum og gilda um breytingar á samþykktum þessum.

Í fundarboði skal greina frá tillögu stjórnar um aukninguna og tillögu um hvernig að henni skuli staðið. Með tillögunni skal leggja fram skýrslu stjórnar um fjárhagslega stöðu sparisjóðsins og breytingar á henni frá síðasta ársreikningi. Umsögn endurskoðanda sparisjóðsins skal fylgja skýrslunni.

Enn fremur er heimilt að auka stofnfé umfram það sem kveðið er á um í 4. gr. með endurmati á stofnfé, sbr. 67. gr. laga nr. 161/2002, sem og ráðstöfun hluta hagnaðar sbr. 2. tölul. 68. gr. sömu laga sbr. 4. mgr. 20. gr. þessara samþykktu.

Það verð, sem nýr stofnfjáreigandi skal greiða fyrir hlut, skal vera nafnverð hans að viðbætti ónýttri heimild til endurmats stofnfjár skv. 66. gr. laga nr. 161/2002.

12. gr.

Við aukningu stofnfjár skulu stofnfjáreigendur eiga rétt til þess að skrá sig fyrir auknu stofnfé í réttu hlutfalli við stofnfjáreign sína sbr. 5. gr.

13. gr.

Við ákvörðun um aukningu stofnfjár skal kveðið á um:

- a) Stofnfjárhækkunina og skiptingu hennar í stofnfjárhluta,
- b) atkvæðisrétt er fylgja skal nýjum hlutum, sbr. 5. gr. samþykktu þessara,
- c) frest til handa stofnfjáreigendum til að nota rétt sinn til áskriftar,
- d) hvernig með skuli fara ef stofnfjáreigendur nýta ekki rétt sinn til áskriftar,
- e) frest til greiðslu hluta,
- f) verð það sem greiða skal fyrir stofnfjárhlut, sbr. 2. mgr. 66. gr. laga nr. 161/2002.

V. kafli.
Starfsemi og fundir stofnfjáreigenda.

14. gr.

Starfsemi sparisjóðsins byggir á starfsleyfi samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 og getur hún tekið til þeirra starfsemi sem greind er í 20. gr. sömu laga. Starfsemin skal þó að lágmarki alltaf ná til þess að taka á móti innlánnum frá almenningi og veita lán sem fjármögnuð eru með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi sem og annarrar þjónustustarfsemi sem er í eðlilegum tengslum við hana sbr. 21. gr. laganna.

Sparisjóðnum er heimilt að stunda hliðarstarfsemi, enda sé hún í eðlilegu framhaldi af fjármálaþjónustu hans sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 161/2002.

Sparisjóðnum er heimilt að eiga hluti í félögum að gættum reglum 22. og 28. gr. laga 161/2002.

15. gr.

Lögmætir fundir stofnfjäreigenda hafa æðsta vald í málefnum sparisjóðsins eftir því sem lög og samþykktir þessar kveða á um.

16. gr.

Sparisjóðsstjórn annast boðun funda stofnfjäreigenda sparisjóðsins. Boða skal til fundanna bréflaga með minnst 10 daga fyrirvara. Í fundarboði skal greina málefni þau sem taka á til meðferðar á fundi stofnfjäreigenda. Ef taka á til meðferðar tillögu um breytingar á samþykktum sparisjóðsins skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

Hver stofnfjäreigandi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fundum stofnfjäreigenda, ef hann gerir skriflega kröfu um það til sparisjóðsstjórnar eigi síðar en 15 dögum fyrir aðalfund svo að unnt sé samkvæmt samþykktum þessum að taka málið á dagskrá fundarins. Tilkynningu um dagsetningu fundar stofnfjäreigenda skal birta í dagblaði eigi síðar en 20 dögum fyrir fundinn.

17. gr.

Nú er fundur ekki lögmætur og skal þá boða fund að nýju með sama hætti og segir í 16. gr. innan eins mánaðar, en þess jafnframt getið að fundurinn sem boðað var til áður hafi reynst ólögmætur, og er nú fundurinn lögmætur, sé löglega til hans boðað.

Stofnfjäreiganda er heimilt að fela öðrum umboð til að fara með rétt sinn á fundi stofnfjäreigenda. Umboðið er heimilt að afturkalla hvenær sem er. Umboðsmaður, sem vera skal úr hópi stofnfjäreigenda, skal leggja fram skriflega, dagsetta og vottfesta yfirlýsingu frá stofnfjäreiganda, um umboð sitt. Umboðsmanni er óheimilt að fara með umboð fyrir fleiri en tvo stofnfjäreigendur, enda fari sameiginlegur atkvæðisréttur er hann fer með ekki fram úr 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóðnum sbr. 1. mgr. 5. gr. Sama umboð gildir aðeins fyrir einn fund.

18. gr.

Aðalfundur sparisjóðsins skal haldinn fyrir lok maímánaðar ár hvert og eftirfarandi mál þá tekin fyrir:

- a) Skýrsla stjórnar um starfsemi sparisjóðsins síðastliðið starfsár,
- b) endurskoðaðir reikningar sparisjóðsins fyrir síðastliðið reikningsár er hafi m.a. að geyma tillögu sparisjóðsstjórnar um ráðstöfun hagnaðar, sbr. 68. gr. laga nr. 161/2002,
- c) ákvörðun um endurmat stofnfjár sbr. 67. gr. laga nr. 161/2002.,
- d) ákvörðun um greiðslu arðs sb.r 68. gr. laga nr. 161/2002

- e) tillögur um breytingar á samþykktum sparisjóðsins, ef borist hafa,
- f) kosning sparisjóðsstjórnar, sbr. 23. gr.,
- g) kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags, sbr. 36. gr.,
- h) ákvörðun um þóknun til stjórnar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar sbr. 27gr.
- i) önnur mál sem aðalfundur skal fjalla um samkvæmt lögum nr. 161/2002 eða sparisjóðsstjórn ákveður að leggja fyrir fundinn.

19. gr.

Aðra fundi stofnfjáreigenda skal halda eftir ákvörðun fundar stofnfjáreigenda eða sparisjóðsstjórnar. Sparisjóðsstjórn er skylt að boða til fundar stofnfjáreigenda innan 14 daga ef kjörnir endurskoðendur eða stofnfjáreigendur sem fara með minnst 1/10 hluta stofnfjár krefjast þess skriflega og greina fundarefni.

20. gr.

Á fundi stofnfjáreigenda má einungis greiða atkvæði um þau mál sem getið er í fundarboði svo og löglega fram bornar viðauka- og breytingartillögur við þau.

Á fundi stofnfjáreigenda ræður afl atkvæða, nema öðruvísi sé kveðið á í samþykktum þessum eða landslögum. Ef tillaga fær jafnmörg atkvæði með og á móti telst hún fallin. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, þegar kjósa skal menn til starfa fyrir sparisjóðinn, skal hlutkesti ráða úrslitum.

Tillögur um breytingar á samþykktum þessum, tillaga um slit sparisjóðsins eða samruna hans við aðra sparisjóði verða aðeins teknar til meðferðar á fundi stofnfjáreigenda og þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða til samþykktar á þeim, enda taki stofnfjáreigendur, er ráða a.m.k. 2/3 hlutum þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, þátt í atkvæðagreiðslunni.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. þessarar greinar ræður afl atkvæða úrslitum máls varði tillaga þau mál sem fjallað er um í 3. mgr. 11. gr.

Mál sem ekki eru greind í dagskrá er ekki unnt að taka til umræðu á fundi stofnfjáreigenda nema með samþykki 2/3 hluta atkvæða viðstaddra stofnfjáreigenda. Slík mál er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema skylt hafi verið að taka það til meðferðar samkvæmt lögum eða samþykktum þessum.

21. gr.

Fundi stofnfjáreigenda stýrir fundarstjóri, kosinn af fundinum. Formaður sparisjóðsstjórnar eða annar, sem sparisjóðsstjórn nefnir til, setur fundinn og stjórnar kjöri fundarstjóra. Þegar fundur hefur verið settur, skal gerð skrá yfir stofnfjáreigendur og umboðsmenn, er fundinn sækja, til þess að ljóst sé hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir.

Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara sem heldur fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir fundarins ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerð. Varðveita skal skrá yfir mætta stofnfjäreigendur og umboðsmenn er fundinn sóttu.

22. gr.

Réttur til greiðslu arðs, sem aðalfundur hefur ákveðið að greiða, fellur niður ef arðsins er ekki vitjað innan fjögurra ára frá því að krafa um greiðslu hans varð gjaldkræf, og rennur þá í varasjóð sparisjóðsins.

VI. kafli.

Sparisjóðsstjórn og sparisjóðsstjóri.

23. gr.

Stjórn sparisjóðsins skipa fimm menn kjörnir af stofnfjäreigendum. Minnst helmingur stjórnarmanna skal búsettur hér á landi sbr. þó 2. málsl. 2. mgr. 66.gr. laga nr. 2/1995. Stjórnarmenn skulu uppfylla hæfisskilyrði 52. gr. laga nr. 161/2002.

Kjörtímabil stjórnarmanna skal vera eitt ár, frá aðalfundi til aðalfundar.

Þeir sem gefa kost á sér til stjórnarsetu skulu tilkynna það skriflega til sparisjóðsstjórnar með meðmælum minnst tíu stofnfjäreigenda og samþykki frambjóðenda eigi síðar en fimm virkum dögum fyrir upphaf aðalfundar. Til að atkvæði sé gilt þarf stofnfjäreigandi að krossa við nöfn fimm frambjóðenda til stjórnarsetu.

Kosning skal vera hlutbundin, ef þess er óskað, enda hafi skrifleg ósk þar um borist stjórninni eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund. Framboðslistum skulu fylgja meðmæli minnst tíu stofnfjäreigenda og samþykki frambjóðenda. Framboðslistum skal skilað í hendur stjórnar eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfund.

Stjórnarmenn og endurskoðandi mega ekki samtímis eiga sæti í stjórn annarra innlánsstofnana né vera starfsmenn þeirra, nema þeir séu fulltrúar sparisjóðsins í slíkri stjórn sbr. reglur stjórnar skv. 2. mgr. 54. gr laga nr. 161/2002.

24. gr.

Sparisjóðsstjórn kýs sér formann og varaformann á fyrsta stjórnarfundum eftir kjör hennar og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans. Deyi stjórnarmaður eða kjörgengi stjórnarmanns fellur niður á annan hátt skal kalla saman fund stofnfjäreigenda innan þriggja mánaða og kjósa annan í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímabilinu.

Formaður boðar til stjórnarfundar og skulu þeir haldnir eftir þörfum. Fund skal jafnan halda ef einn eða fleiri stjórnarmenn óska þess eða sparisjóðsstjóri telur þess þörf.

Fundur stjórnar er því aðeins lögmætur að a.m.k. þrír stjórnarmenn sitji hann. Afl atkvæða ræður úrslitum máls. Sé fundur eigi fullskipaður þarf samþykki þriggja til gildirar ályktunar. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

Þær ákvarðanir sem teknar eru á fundum sparisjóðsstjórnar, skulu bókaðar í sérstaka gerðabók og fundargerðir staðfestar með undirritun viðstaddra stjórnarmanna og sparisjóðsstjóra.

25. gr.

Sparisjóðsstjórn fer með málefni sparisjóðsins og skal hún annast um að skipulag hans og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi og tryggja að nægjanlegt eftirlit sé með bókhaldi og meðferð fjármuna sparisjóðsins. Ennfremur hefur hún með höndum almennt eftirlit með rekstri hans og tekur ákvarðanir tengdar rekstri sjóðsins, sem telja verður meiriháttar. Stjórnin skal ráða sparisjóðsstjóra og setja honum erindisbréf. Stjórnin skal setja reglur um mörk lánaheimilda sparisjóðsstjóra sem og reglur varðandi ákvarðanir um fjárfestingar sbr. 1. mgr. 54. og 55. gr. laga nr. 161/2002.

Sparisjóðsstjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar. Í þeim skal fjallað sérstaklega um heimildir stjórnar til að taka ákvarðanir um einstök viðskipti, framkvæmd reglna um sérstakt hæfi stjórnarmanna, meðferð stjórnar á upplýsingum um einstaka viðskiptamenn, setu stjórnarmanna í stjórnnum dótturfyrirtækja og hlutdeildarfélagana og framkvæmd reglna um meðferð viðskiptaerinda stjórnarmanna sbr. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002.

Sparisjóðsstjórn fjallar einnig um mál sem hún að öðru leyti skal annast samkvæmt lögum, reglugerðum og samþykktum þessum svo og þau mál sem sparisjóðsstjóri leggur fyrir hana.

Sparisjóðsstjórn skal ekki taka þátt í ákvörðunum um einstök viðskipti, nema umfang þeirra sé verulegt miðað við stærð sparisjóðsins sbr. 2. másl. 1. mgr. þessarar greinar. Einstakir stjórnarmenn skulu ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti.

26. gr.

Til þess að sparisjóðsstjórn geti betur sinnt eftirlitshlutverki sínu sbr. 25. gr. skal hún hafa aðgang að öllum gögnum er varða sparisjóðinn og rekstur hans. Óheimilt er að fara með slík gögn eða afrit þeirra út úr sparisjóðnum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. er stjórnarmanni óheimill aðgangur að upplýsingum um einstaka viðskiptamenn sé hann vanhæfur í umfjöllun um málefni þeirra.

Stjórnarmenn skulu ekki taka þátt í meðferð máls ef mál varðar:

1. viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir sitja í stjórn hjá, eru fyrirvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í; eða
2. viðskipti samkeppnisaðila þeirra sem um ræðir í 1. tölul.

Hið sama skal gilda um viðskipti aðila sem eru tengdir stjórnarmönnum persónulega eða fjárhagslega.

Viðskiptaerindi stjórnarmanna, sem og fyrirtækja sem þeir kunna að vera í forsvari fyrir, skulu lögð fyrir stjórn sparisjóðsins (eða stjórnarformann) til samþykktar eða synjunar. Stjórn sparisjóðsins er þó heimilt að setja almennar reglur um afgreiðslu slíkra mála þar sem fyrirfram er ákveðið hvaða viðskiptaerindi þurfi og þurfi ekki sérstaka umfjöllun stjórnarinnar áður en til afgreiðslu þeirra kemur sbr. 54. gr. laga nr. 161/2002

27. gr.

Fyrir störf í þágu sparisjóðsins skal greiða stjórnarmönnum fasta, mánaðarlega þóknun sem ákveðin er fyrirfram á aðalfundi ár hvert. Sama gildir um þóknun formanns stjórnar.

28. gr.

Sparisjóðsstjóri sem uppfylla skal hæfnisskilyrði 52. gr. laga nr. 161/2002 og vera búsettur hér á landi hefur með höndum framkvæmdastjórn sparisjóðsins og bera ábyrgð á daglegum rekstri hans. Sparisjóðsstjóri fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum sparisjóðsins sem ekki eru falin öðrum samkvæmt lögum nr. 161/2002 og samþykktum þessum. Þar á meðal ákveður hann inn- og útlánsvexti við sparisjóðinn og ráðstafar fé hans og stendur fyrir rekstri hans í samræmi við þær reglur, sem honum eru eða verða settar af sparisjóðsstjórn eða samkvæmt samþykktum þessum og lögum. Honum ber að sjá um að reksturinn sé í öllum greinum skv. lögum, samþykktum þessum og ákvörðunum sparisjóðsstjórnar.

Sparisjóðsstjóri ræður alla starfsmenn sjóðsins, aðra en um ræðir í 16. gr. laga nr. 161/2002, og veitir þeim lausn. Hann undirbýr fundi sparisjóðsstjórnar ásamt formanni hennar og gefur stjórninni reglulega skýrslu um störf og hagi sparisjóðsins. Sparisjóðsstjóri skal sitja fundi stjórnar nema fjallað sé um mál er varðar hann sjálfan.

29. gr.

Sparisjóðsstjóra er óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækis og taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti. Sparisjóðsstjórn getur þó veitt heimild til slíks en þá aðeins á grundvelli reglna sem hún setur þar um og Fjármálaeftirlitið staðfestir. sbr. 56. gr. laga nr. 161/2002. Sé atvinnufyrirtækið hins vegar dótturfyrirtæki eða hlutdeildarfélag sparisjóðsins fer um stjórnarsetu sparisjóðsstjóra samkvæmt reglum um verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjórnar.

Sparisjóðsstjóri má ekki taka lán hjá sparisjóðnum og sparisjóðurinn má ekki ganga í ábyrgð fyrir hann, veita honum kauprétt eða sambærileg viðskipti nema ákvörðun þar um sé samþykkt af stjórn og bókuð í gerðabók hennar. Þá er honum óheimilt að vera

ábyrgðarmaður annarra gagnvart sparisjóðnum. Ákvæði greinarinnar gildir einnig um maka hans.

VII. kafli. Starfsmenn.

30. gr.

Allir starfsmenn sparisjóðsins skulu undirrita drengskaparheit um það að þeir muni með árvekni og samvirkusemi gegna störfum þeim sem þeim eru falin, og ekki gera neinum óviðkomandi kunnugt um málefni sparisjóðsins né viðskipti einstakra aðila við hann, hvorki skuldir þeirra né eignir.

31. gr.

Stjórnarmenn sparisjóðsins, sparisjóðsstjóri, aðrir starfsmenn sparisjóðsins og endurskoðandi og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu sparisjóðsins eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa sinna og varðar viðskipta- og einkamálefni viðskiptamanna sparisjóðsins, nema skylt sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum. Um undanþágu frá þagnarskyldu fer samkv. 59. og 60. gr. laga nr. 161/2002.

32. gr.

Sparisjóðsstjórn setur reglur um viðskipti starfsmanna sjóðsins við hann, sem og um heimildir starfsmanna til að taka að sér önnur launuð störf og/eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti samhliða starfi sínu við sparisjóðinn.

33. gr.

Starfsmönnum sparisjóðsins er óheimilt að gerast umboðsmenn annarra gagnvart sparisjóðnum.

VIII. kafli. Ársreikningur og endurskoðun.

34. gr.

Reikningsár sparisjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sem saminn er af sparisjóðsstjóra og sparisjóðsstjórn skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar. Enn fremur skal semja skýrslu stjórnar, sbr. 89. gr. laga nr. 161/2002, sem ásamt ársreikningi mynda eina heild.

Ársreikningur og skýrsla stjórnar skulu undirrituð af sparisjóðsstjóra og sparisjóðsstjórn. Hafi stjórnarmaður eða sparisjóðsstjóri mótbárur fram að færa gegn ársreikningi, skal hann skrifa undir með fyrirvara og gera grein fyrir því í skýrslu stjórnar í hverju fyrirvarinn felst.

35. gr.

Ársreikningurinn skal gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á einstökum liðum, uppsetningu, sundurliðun og heiti liða, svo og upplýsingar um liði utan efnahagsreiknings.

36. gr.

Aðalfundur stofnfjáreigenda kýs löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til eins árs í senn. Endurskoðandi má ekki eiga sæti í sparisjóðsstjórn, vera starfsmaður sjóðsins eða starfa í hans þágu að öðru en endurskoðun. Hann má ekki koma fram gagnvart sparisjóðnum sem umboðsmaður annarra og ekki vera skuldugur sjóðnum, hvorki sem aðalskuldari né ábyrgðarmaður. Hið sama gildir um maka hans.

Endurskoðandi skal í samræmi við góða endurskoðunarvenju endurskoða ársreikninginn og í því sambandi kanna bókhaldsgögn sparisjóðsins og aðra þætti, er varða rekstur hans og stöðu. Sparisjóðsstjórn og sparisjóðsstjóri skulu veita endurskoðanda aðstöðu til að gera þær athuganir, sem hann telur nauðsynlegar. Skal honum heimill aðgangur að öllum bókum sparisjóðsins og skjölum og jafnframt skulu sparisjóðsstjórn og starfsmenn sparisjóðsins veita honum allar umbeðnar upplýsingar, sem unnt er að láta í té.

Fyrir miðjan marsmánuð skal endurskoðandi hafa lokið endurskoðun á ársreikningi sparisjóðsins og ber honum þá þegar að afhenda hann stjórn sparisjóðsins.

Endurskoðandi hefur rétt til að sitja aðalfund sparisjóðsins sem og stjórnarfundi þar sem fjallað er um ársreikning. Endurskoðanda og samstarfsmönnum hans er óheimilt að gefa einstökum stofnfjáreigendum eða óviðkomandi aðilum upplýsingar um hag sparisjóðsins.

37. gr.

Ársreikningur ásamt meðfylgjandi skýrslu stjórnar skal liggja frammi í afgreiðslum sparisjóðsins og afhentur hverjum viðskiptamanni sem þess óskar innan tveggja vikna frá samþykkt aðalfundar.

IX. kafli.

Um breytingar á samþykktum sparisjóðsins.

38. gr.

Ákvörðun um breytingu samþykktu þessara skal tekin á fundi stofnfjáreigenda, enda sé þess getið í fundarboði að slíkar breytingar séu fyrirhugaðar og í hverju þær felast í meginatriðum. Ákvörðun verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða svo og samþykki stofnfjáreigenda sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, sbr. 3. og 4. mgr. 20.gr.

X. kafli.
Um slit sparisjóðsins og samruna.

39. gr.

Ákvarðanir um slit sparisjóðsins og samruna við aðra innlánsstofnun, sbr. XII. kafla laga nr. 161/2002 skulu teknar á fundi stofnfjáreigenda og eru því aðeins heimilær að þær hafi hlotið samþykki stofnfjáreigenda eftir þeim reglum sem gilda um breytingar á samþykktum þessum, enda hafi tillaga þessa efnis verið kynnt í fundarboði.

Aðeins er heimilt að sameina sparisjóðinn öðrum sparisjóði.

Þegar allar skuldir sparisjóðsins hafa verið greiddar vegna slita á starfsemi hans skal greiða stofnfjáreigendum eignarhlut þeirra af eftirstöðvum eigna sjóðsins. Þeim eignum er þá kunna að vera eftir skal ráðstafað til menningar- og líknarmála á starfssvæði sparisjóðsins samkvæmt ákvörðun lögmæts fundar stofnfjáreigenda að framlögðum tillögum fráfarandi stjórnar sparisjóðsins.